

Ársskýrsla 2015



Ársfundur 2. júní 2016

Efnisyfirlit

Starfsárið 2015	3
Fjármögnun og rekstur	4
Stjórnun Starfsmenntar	4
Starfsmannahald og starfsþróun	5
Nám og þjónusta	5
Samstarfsaðilar	6
Starfstengdar námsleiðir	7
Nám fyrir alla	9
Ráðgjöf og þróunarverkefni	12
Lokaorð	16
Skráningar á námskeið 2015	17

Starfsárið 2015

Fræðslusetrið Starfsmennt sér um starfstengda símenntun og starfsþróunarverkefni opinberra starfsmanna. Setrið var stofnað 2001 og er í eigu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og flestra stéttarféлага innan BSRB. Hlutverk setursins er að koma til móts við breytingar á starfsumhverfi og störfum með fræðslu og ráðgjöf. Þjónustan er því félagsmönnum aðildarfélaganna að kostnaðarlausu sem hluti af kjarasamningsbundnum réttindum. Til að auðvelda aðgengi annarra hópa að þjónustunni hafa verið gerðir samstarfssamningar við ýmsa mannauðssjóði s.s. sjóði bæjarstarfsmannafélaga um allt land, sjóði háskólamanna og annarra stéttarféлага og við Fræðslusjóð.

Starfsárið 2015 var ár breytinga og nýjunga hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt og lækkuðu útgjöld um 12,3% á milli ára og voru kr. 117.495.063. Þar sem setrið flutti í nýtt húsnæði að Skipholti 50b og gerði það allt upp, jukust varanlegir rekstrarfjármunir milli ára töluvert og var viðbótin á árinu kr. 9.645.086. Skráningum í nám fækkaði lítillega og voru 2011 en árið á undan 2271. Skipt var um námskerfi á árinu og ný heimasíða opnuð ásamt öflugum námsvef sem hefur verið í þróun í tvö ár. Nýi námsvefurinn hefur alla möguleika til að styðja vel við nám stofnana og starfsemi setursins og styrkja rafræna umsýslu náms, fjarkennslu og fjölbreyttari kennsluhætti. Miklar sviptingar voru á vinnumarkaði árinu og höfðu verkföll félagsmanna áhrif á afdrif námskeiða. Tekjur voru í samræmi við gerðar áætlanir en ekki náðist að halda fjölda námskeiða á haustönninni m.a. vegna óvissu og verkfalla. Rekstrarafgangur er því töluverður, aðallega vegna framlags Þrósi SFR, en sértekjur og föst framlög frá stofnunum eru svipuð milli ára. Hrein eign í árslok nam kr. 50.465.258.

Námi setursins er skipt upp eftir því hverjir geta sótt það um allt land. Stór hluti námskeiða eru opin öllum en önnur námskeið eru eingöngu ætluð stofnunum eða starfsgreinum þvert á stofnanir. Aukning varð í almenna opna náminu úr 26% í 34% milli ára m.a. vegna þess að stofnanir drógu úr þátttöku í námi. Árið var nýtt til að þróa fjarkennslu og vefnám innan stærri námsleiða og voru viðtökur góðar. Vefnám Rekspalarnámskeiða voru uppfærð á árinu og fjarkennsla þróuð í námslínunum eins og; Verkefnastjórnun, Fjármálum og rekstri, öllu tölvunámi og námi fyrir bókara, skrifstofufólk, starfsfólk framlínu, ráðgjafa, mannauðsstjóra og millistjórnendur. Einnig var boðið upp á nýja námstítla sem mæltust vel fyrir s.s. jákvæð sálfræði, núvitund og vönduð íslenska. Hlutfallsleg þátttaka í námi stofnana og á símenntunarnámskeið starfsgreina dróst saman úr 49% í 42% milli ára en unnið var áfram með sveigjanlegt fyrirkomulag náms s.s. í brúarnámi félagsliða, heilbrigðisritara, sóttþreinsitækna og stuðningsfulltrúa. Stofnananámskeið voru haldin hjá Landsbókasafni, Lyfjastofnun, Ríkisskattstjóra, fangelsunum, hjá dómstólum, tollstjóra, íþróttamannvirkjum á Akureyri og innan Launaskólans.

Margskonar nýbreytnistarf var unnið á árinu ýmist innan Ráðgjafa að láni verkefna eða með greiningu fræðsluþarfa með samstarfsaðilum. Ráðgjafaverkefni voru unnin með Neytendastofu, Héraðsdómstólum, Háskóla Íslands, SFR og Hafnarfjarðarbæ. Þá tók setrið þátt í hönnun og ritun námskrár og uppsetningu náms fyrir starfsmenn sem ganga vaktir og stjórnendur sem skipuleggja vaktir, í samstarfi við fjölda hagsmunaaðila og út frá bókun í kjarasamningum. Setrið vann einnig með forsvarsmönnum Jafnlaunastaðalsins að uppsetningu námskeiða og þróun verkfæra til að auðvelda innleiðingu jafnlaunakerfis á vinnustað. Þá var áfram unnið með hagsmunaaðilum að uppsetningu starfstengds náms á þrep íslensks hæfniramma til að stuðla að betri samhæfingu og mati á námi á milli kerfa. Unnið var að tveimur raunfærnimatsverkefnum á árinu sem styrkt voru af Fræðslusjóði, gæðamál þróuð áfram til að viðhalda vottun sem viðurkenndur fræðsluaðili og kynningarstarf eftir til að ná betur til markhóps setursins. Þá voru viðtöl náms- og starfsráðgjafa ívið fleiri en frá fyrra ári og menntun ráðþega áberandi meiri. Fimm starfsmenn störfuðu hjá setrinu á árinu en um mitt ár sagði mannauðsráðgjafi starfi sínu lausu. Ekki var ráðið í þá stöðu heldur voru ráðgjafaverkefnin unnin af öðrum starfsmönnum í samstarfi við verktaka og sérfræðinga. Í heild kemur starfsárið því vel út þó umsvif hafi minnkað og góður grunnur virðist hafa verið lagður að fjölmörgum framtíðar- og umbótaverkefnum setursins á sviði náms, þjálfunar og þróunar starfa.

Fjármögnun og rekstur

Útgjöld ársins 2015 lækkuðu á milli ára og voru kr. 117.495.063 en voru árið á undan kr. 135.945.745. Vegna stofnkostnaðar nýs námskerfis og flutninga í nýtt húsnæði á árinu, sem þurfti mikilla endurbóta við, jukust varanlegir rekstrarfjármunir úr kr. 2.443.937 í kr. 9.868.011. Allir útgjaldaliðir lækkuðu að raunvirði ásamt launakostnaði þar sem starfsmönnum fækkaði um einn. Heildartekjur ársins voru kr. 148.358.763 sem er aukning um 12.3% milli ára. Skráningum í nám fækkaði og ekki náðist að halda fjölda námskeiða. Tekjur bárust eins og áætlanir gerðu ráð fyrir og því er hrein eign í árslok kr. 50.465.258. Tekjur og framlög skiptast þó hlutfallslega líkt á milli ára. Fimm starfsmenn unnu hjá setrinu þar til í september að mannauðsráðgjafi fór til annarra starfa. Hlutfallslega skiptingu rekstrargjalda og þróun á milli ára má sjá á þessari töflu:

Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Launakostnaður	38%	37,7%	34,6%	28,8%	27%	21%	23%
Annar rekstrarkostnaður	17%	18,8%	20,1%	17%	17%	15%	17%
Nám og þjónusta	45%	43,5%	45,3%	54,2%	56%	64%	60%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Hlutfall framlaga og tekna setursins má sjá í næstu töflu ásamt samanburðartölum síðustu ára:

Hlutfallslegar rekstrartekjur setursins	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Samkvæmt skilgreinum frá stofnunum	44,1%	46,4%	59,4%	45,7%	50%	49%	53,2%
Þróunar- og símenntunarsjóður SFR	33,7%	30,2%	18,2%	23,7%	22%	33%	33,2%
Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannfélaga hjá ríkinu	1,5%	1,8%	1,6%	1,4%	2%	4%	3,1%
Námskeiðstekjur og verkefnastyrkir	12%	13,4%	13,4%	16,2%	15%	10%	10,5%
Fræðslusjóður /Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	8,7%	8,2%	7,4%	1%3	11%	4%	-
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Stjórnun Starfsmenntar

Stjórn Starfsmenntar er skipuð eigendum setursins til jafns. Á árinu 2015 kom Ásgeir M. Kristinsson aftur inn í stjórn setursins sem fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Stjórnin er skipuð tveimur fulltrúum frá annarsvegar stéttarfélagunum og hinsvegar frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Aðalmenn:

- Árni Stefán Jónsson formaður (SFR – stéttarfélag í almannapjónustu)
- Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (Kjara- og mannauðssýsla ríkisins)
- Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannapjónustu)
- Ásgeir M. Kristinsson (Fjársýsla ríkisins)

Varamenn:

- Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR – stéttarfélag í almannabjónustu)
- Einar Mar Þórðarson (Kjara- og mannauðssýsla ríkisins)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)

Framkvæmdastjóri var Hulda Anna Arnljótsdóttir.

Stjórnin hélt 6 fundi á árinu og þar af tvo með varamönnum og gestum. Ársfundur var haldinn 3. júní með varamönnum og annar sameiginlegur fundur stjórnar og varamanna var haldinn 10. desember.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir aðila setursins voru Guðný E. Leifsdóttir og Þorvaldur Egilsson. Löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.


Starfsmannahald og starfsþróun

Fimm stöðugildi voru hjá Starfsmennt allt árið en um haustið sagði mannauðsráðgjafi starfi sínu lausu. Ekki var ráðið í hans stað heldur nýttir kraftar verktaka og sérfræðinga sem unnu með starfsfólki setursins. Allir starfsmenn hafa sitt ábyrgðar- og verkefnasvið en vinna saman í teyllum í samstarfs- og þróunarverkefnum. Þá sinna starfsmenn ýmsum sérhæfðum verkefnum á sviði stoðþjónustu sem tengist oft framhaldsmenntun þeirra eða sérhæfingu. Framkvæmdastjóri tók yfir umsjón flestra ráðgjafaverkefna og gerði samninga við verktaka. Skrifstofustjóri og tveir verkefnastjórar þróa og halda utan um nám á fræðsluviði, þær Björg Valsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir og Sólborg Alda Pétursdóttir. Marta Gall Jörgensen sinnti mannauðsráðgjöf setursins fram á haustið. Starfsfólk sótti námskeið sem nýttist starfsþróun þeirra og féll að stefnu og framtíðarverkefnum setursins. Mikil áhersla var lögð á þróun fjarkennslu og notkun upplýsingatækni á árinu og sóttu starfsmenn ráðstefnur innanlands og námskeið til að bæta við sig þekkingu. Mánaðarlegir vefyfyrirlestrar Leiknar voru nýttir og fóru allir starfsmenn á dagsráðstefnu um upplýsingatækni sem haldin var á vegum Leiknar og Kvasis. Einnig kynntu starfsmenn sér hugmyndafræði vendikennslu á dagsráðstefnu hjá Keili. Þá voru ýmsir viðburðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins nýttir til símenntunar sem og kynningar þekkingar-fyrirtækja og samstarfsaðila. Þar sem aðgengi að vefyfyrirlestrum hefur aukist til muna þá hafa starfsmenn einnig fylgst með beinum útsendingum s.s. frá norrænum ráðstefnum um þróun fullorðinsfræðslu, raunfærnimats og ráðgjafar. Framkvæmdastjóri sótti nokkra morgunverðafundi Félags forstöðumanna og fékk dagpeninga frá setrinu til að sækja tvo erlenda viðburði þar sem fargjöld og gisting voru greidd af öðrum. Farið var á evrópska ráðstefnu í Póllandi um álitamál við innleiðingu hæfniramma náms og starfa og síðari ferðin var boðsferð til Brussel til að taka þátt í formlegri opnun nýstofnaðra Evrópusamtaka um miðlun nýjunga og samskipta í fullorðinsfræðslu EPALÉ (ePlatform for Adult Learning in Europe).

Nám og þjónusta

Námi Starfsmenntar má skipta í fjóra flokka eftir því hverjir geta sótt það. Stærsti hluti starfseminnar er starfstengdar námsleiðir stofnana sem byggja á námslýsingum sem setrið vinnur með starfsfólki og stjórnendum. Þá er einnig í boði sérhæft nám og námskeið fyrir starfsgreinar þvert á stofnanir. Almenn þverfagleg námskeið eru opin öllum og ætlað að efla alhliða og algenga starfshæfni. Einnig er boðið upp á stutt, snörp og sérsniðin námskeið sem stofnanir geta óskað eftir í formi farandfyrrilestra, hvar og hvenær sem er. Þar má velja úr öllum námskeiðstitlum setursins. Setrið greiðir einnig leið félagsmanna aðildarfélaga í starfsnám innan framhaldsskólanna sem tengist starfsvettvangi þeirra. Þau námsverkefni eru unnin í samstarfi við ýmsa fræðslu- og mannauðssjóði eins og Þróunar- og símenntunarsjóð SFR, Mannauðssjóð KJALAR, Mannauðssjóð Samflotsins og Mannauðssjóð Kópavogs-Garðabæjar- Suðurnesja. Einnig semur setrið við Starfsþróunarsetur háskólamanna og fræðslusjóði á almennum vinnumarkaði s.s. Ríkismennt, með það fyrir augum að greiða aðgengi starfsfólks í nám og auðvelda stofnunum og fyrirtækjum að samnýta nám.

Hlutfallslega skiptingu þjónustuliða setursins má sjá á mynd hér fyrir neðan. Starfstengdar námsleiðir stofnana eða starfsgreina hafa alltaf verið stærsti þjónustuliðurinn með 50% hlutdeild. Það hlutfall lækkar lítillega á árinu um leið og almenn þverfagleg námskeið og fjarkennt tölvunám sækja aftur á. Bein útgjöld vegna Ráðgjafa að láni verkefna hækka á milli ára þar sem mannauðsþjónusta verktaka og sérfræðinga var nýtt í teymisvinnu með starfsfólki Starfsmenntar.




Samstarfsaðilar

Starfsmennt vinnur með fjölmörgum aðilum að framkvæmd náms til að mæta nýjum áherslum og takast á við breytingar í starfsumhverfi markhópsins. Leitast er við að finna námsverkefnum sem skilvirkasta framkvæmd og því samið við fræðsluaðila, skóla, símenntunarmiðstöðvar og sérfræðinga um allt land til að halda utan um og tryggja gæði náms. Þetta tengslanet ásamt framsæknum námsvef Starfsmenntar gera það að verkum að hægt er að bjóða upp á starfstengda fræðslu í héraði og jafnvel beint heim í tölvu, þannig að búseta er ekki lengur hindrun í námi. Starfsmennt leggur áherslu á að stækka og efla tengslanet sitt með það fyrir augum að finna og nýta krafta fjölmargra sérfræðinga á sviði kennslu og ráðgjafar, til að koma til móts við örar breytingar og auknar kröfur sem gerðar eru til starfsfólks. Setrið vinnur líka með ytri hagsmunaaðilum að þróun og mótun stefnu í fullorðinsfræðslu s.s. öðrum fræðsluaðilum, fræðslusjóðum, sveitarfélögum, ráðuneytum og stéttarfélögum.

Til að auka sýnileika setursins, bæði meðal markhópsins og samstarfsaðila, stendur setrið fyrir öflugri kynningarstarfi s.s. með útgáfu námsvísa, vefréttabréfa, einblöðunga, auglýsinga og markhópapósta. Einnig er starfið kynnt á ráðstefnum, málþingum og með þátttöku í stefnumótandi verkefnum.

Nám Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarféлага og samstarfssjóða að kostnaðarlausu en um 35% þátttakenda eru utan aðildar og greiða því gjöld. Það er mikil aukning frá fyrra ári. Hlutfallsleg skráning í nám eftir stéttarfélögum má sjá á næstu síðu en þátttaka SFR félagsmanna hefur minnkað um leið og þátttaka háskólamanna hefur aukist í nám. Árið á undan var þátttaka SFR félagsmanna 59% á móti 46% 2015 og þátttaka BHM félagsmanna eykst úr 9% í 15%.

Hlutfallsleg skipting eftir stéttarfélögum árið 2015



Starfstengdar námsleiðir

Starfstengdar námsleiðir og sérsniðið nám fyrir stofnanir og starfsgreinar eru og hafa verið stærsti hluti þjónustunnar. Setrið býður stofnunum og starfshópum sérsniðnar námsleiðir og námskeið eða styrkir félagsmenn í formlegt starfsnám á vegum viðurkenndra fræðsluaðila og framhaldsskóla. Stofnana-skólarnir byggja á námskrá sem unnin hefur verið eftir greiningarvinnu út frá fræðsluþörf, starfsmarkmiðum og stefnu stofnana. Stýrihópar ákveða framkvæmd námsins en þar eiga sæti jafnmargir starfsmenn og stjórnendur. Haldið er utan um skráningar á nýjum vef Starfsmenntar en þar fer einnig margskonar önnur upplýsingamiðlun fram og vistun námsgagna. Þátttökuskjöl og þjónustukönnun eru einnig sett fram rafrænt innan námskerfisins en nám er ýmist haldið hjá Starfsmennt, fræðsluaðilum, í skólum eða á vinnustöðum. Þá sækir vefnám á þar sem ýmist er sent beint í rauntíma eða hægt að nálgast upptökur hvar og hvenær sem er. Eftirfarandi nám ætlað stofnunum og starfsgreinum var í boði á árinu:

Áfangar – Námsleið fyrir fangaverði

Námskeið fyrir fangaverði þar sem unnið er að því að efla þá í starfi, innleiða nýjungar og styrkja persónulega hæfni þeirra. Boðið var upp á námskeið í samningatækni í Reykjavík og á Selfossi og fjar-kennt til Akureyrar og á Kvíabryggju.

Brúarnám fyrir verðandi félagsliða

Félagsliðabruin er eitt af stærstu námsverkefnum Starfsmenntar en námið er haldið í samstarfi við Borgarholtsskóla og þrjár símenntunarmiðstöðvar. Námið er ætlað nemendum 22 ára og eldri með a.m.k. 3 ára starfsreynslu, sem hafa lokið 240 stunda starfstengdu námi. Kennt er staðbundið og í dreifnámi. Starfsmennt greiðir innritunar- og einingagjöld fyrir félagsmenn aðildarfélaganna og er með sérstaka samstarfssamninga við Mannauðssjóð Kjalar, Samflots, KSG og Ríkismennt/Sveitamennt. 83 stunduðu námið í gegnum Starfsmennt á síðasta ári.

Félagsliðar- viðbótarnám

Þetta eininganám er samstarfsverkefni Starfsmenntar og Borgarholtsskóla. Um er að ræða viðbótarnám fyrir félagsliða sem vilja styrkja faglegan grunn og undirbúa sig fyrir frekara nám. Námið er 36

einingar og var námskráin skrifuð af Starfsmennt, Borgarholtsskóla, fagfélagi félagsliða og hlutað-eigandi stéttarfélögum. Boðið var upp á þrjá áfanga á hvorri önn sem 13 manns völdu úr og Starfsmennt greiddi miðað við þreyttar einingar.

Félags- og tómstundabré

Félagsmenn aðildarféлага og samstarfssjóða geta sótt nám í félags- og tómstundafræðum í samstarfi við Borgarholtsskóla. Námið er 34 einingar og kennt í dreifnámi á fjórum önnum. Námið er ætlað starfsfólki sem sinnir tómstundastarfi með börnum, fötluðum, sjúklingum eða öldruðum. 9 manns sóttu námið á vegum Starfsmenntar á árinu.

Brúarnám fyrir verðandi heilbrigðisritara

Brúarnámið er fyrir verðandi heilbrigðisritara í samstarfi við Fjölbautarskólann við Ármúla og Þróunar- og símenntunarsjóð SFR. Námið er 35 einingar og stunduðu fjórir einstaklingar námið í gegnum Starfsmennt.

Fríhafnarskólinn – nám og þjónusta fyrir starfsfólk á flugvöllum

Fríhafnarskólinn er nám fyrir starfsfólk Fríhafnarinnar sem gerður hefur verið sérstakur náms- samningur við í gegnum kjarasamninga. Námskeiðin eru upprunalega þróuð af Starfsmennt, Isavia, SFR og Félagi flugmálastarfsmanna en þau eru uppfærð reglulega. Námsleiðinni er skipt upp í 30-40 stunda lotur. Á haustönninni var heilsuefning og vellíðan í starfi tekin fyrir í samstarfi við Isavia.

Forystufræðslan

Forystufræðslan, námsleið hönnuð fyrir starfsfólk og stjórnir stéttarféлага ASÍ og BSRB, hélt áfram á þessu ári. Framkvæmd var með þeim hætti að Starfsmennt og Félagsmálaskóli alþýðu héldu utan um námskeiðin í sameiningu og var skráningar- og umsýslukerfi Starfsmenntar nýtt. Boðið var upp á tvö námskeið á höfuðborgarsvæðinu og stóð Félagsmálaskólinn straum af öllum beinum kostnaði.

Jafnlaunastaðall

Fræðslusetrinu Starfsmennt hefur verið falið að halda utan um námskeið til að styðja við og auðvelda innleiðingu jafnlaunastaðals hjá stofnunum og fyrirtækjum. Á námskeiðunum er staðallinn kynntur og fjallað um innleiðingu hans, starfaflokkun, launagreiningu og skjölun í samræmi við kröfur staðalsins. Ein lota var haldin í apríl og maí og svo önnur í september og október og voru þær vel sóttar.

Landsbókasafnið

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn og Fræðslusetrið Starfsmennt hafa unnið saman að upp- setningu námskeiða og fræðsluáætlunar fyrir starfsfólk bókasafnsins. Á síðasta ári voru haldin fimm námskeið og voru þau öll mjög vel sótt.

Launaskólinn – nám fyrir launafulltrúa hjá ríki og bæ

Launaskólinn er námsleið fyrir launafulltrúa og aðra sem koma að starfsmanna- og kjaramálum hjá ríki og bæ. Námsleiðin er 84 stundir, skipt í fjögur þemu. Námið var þróað í samstarfi Starfsmenntar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og SFR. Ekki tókst að halda námið á haustönn en sökum verkfalla var námskeiðið fært yfir á vorönn 2016.

Skil – námsleið fyrir starfsmenn á innheimtusviði tollstjóra

Skil er námsleið fyrir starfsmenn á innheimtu- og afgreiðslusviði tollstjóra. Námsleiðin er alls 228 klukkustundir og skiptist í tvo efnislega kjarna, verklegt nám og val. Boðið var upp á fimm námskeið á árinu fyrir starfsfólk á innheimtusviði sem voru vel sótt og haldin hjá embættinu.

Skrifstofubraut I og II

Starfsmennt býður upp á skrifstofubraut, bæði í fjar- og staðnámi, í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi. Náminu er ætlað að efla færni í íslensku, ensku, bókhaldi, rekstri og skipulagi verkefna og er um að ræða 33 eininga nám sem skiptist á þrjár annir. Námið hefur verið afar vel sótt þangað til á síðasta ári en þá dró mjög úr þátttöku. Setrið býður einnig upp á raunfærnimat inn á námsbrautina

fyrir starfsfólk með langa starfsreynslu af skrifstofustörfum. Aðeins 9 manns stunduðu námið á síðasta ári en Starfsmennt greiðir fyrir fjölda eininga.

Sóttthreinsitæknar

Starfsmennt tekur þátt í samstarfsverkefni Þróunar- og símenntunarsjóðs SFR, Fjölbrautaskólans í Ármúla og Landspítalans um starfstengt nám fyrir sóttthreinsitækna. Um er að ræða brúarleið fyrir full-orðna starfsmenn sem fá starfsreynslu og óformlegt nám metið inn á námsbraut sóttthreinsitækna. Námið er vel sótt en Starfsmennt greiddi fyrir 18 þátttakendur á vorönn og 16 á haustönn.

Starfsnám stuðningsfulltrúa – grunnur og framhald

Hér er um að ræða tvær stórar námsleiðir sem Starfsmennt býður upp á og hefur Framvegis séð um framkvæmdina á 162 stunda grunnnámi og 84 stunda framhaldsnámi. 22 sóttu grunnnámið á vorönn og 16 manns framhaldið á haustönn.

Viðurkenndur bókarí

Starfsmennt greiðir þátttökugjöld félagsmanna sem sækja nám fyrir Viðurkennda bókara. Um er að ræða undirbúningsnám fyrir próf til viðurkenndra bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytisins. Aðildarfélagar gátu valið á milli þess að sækja námið hjá Menntaskólanum í Kópavogi, Endurmenntun Háskóla Íslands eða Háskólanum í Reykjavík en hægt er að velja milli mismunandi kennslufyrirkomulags hjá þeim. 17 manns voru í náminu hjá þessum þremur aðilum.

Vísdómur – námsleið fyrir starfsfólk héraðsdómstóla

Vísdómur er starfstengd námsleið fyrir starfsfólk héraðsdómstóla og byggir á þarfagreiningu meðal embættanna. Kennendur námskeiðin Outlook, starfstengd enska, réttindi og skyldur starfsmanna og tímastjórnun.

Þróttur – námsleið fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja

Námsleið fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja var hönnuð í samstarfi við KJÖL-stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu og Akureyrabæ. Námskráin telur 150 stundir. Boðið var upp á tvær námslotur á árinu; Fristundir og afþreying og Ábyrgð og sérstaða starfsins. Bæði námskeiðin voru kennd tvisvar til að allir starfsmenn gætu nýtt sér þau.

Önnur stofnananámskeið

Nokkrar aðrar stofnanir óskuðu eftir stuttum og sérsniðnum námskeiðum inn á vinnustað. Lyfjastofnun var með námskeið í stjórnáskilurætti, RSK var með námskeið í tölvupóstsamskiptum, LÍN var með námskeið um vellíðan í vinnunni og Kópavogsbær var með starfsmannasamtöl. Kópavogsbær, Garðabær, Mosfellsbær og Hafnarfjörður tóku sig saman og héldu námskeið um samskipti og framkomu á vorönn en þátttakendur voru 30 og vellíðan á vinnustað á haustönn sem 45 manns skráðu sig á.

Nám fyrir alla

Nám fyrir alla eru þverfagleg, starfstengd námskeið sem eru opin öllum, óháð starfi og stéttarfélagsaðild. Í almennu námi má finna fjölbreytt úrval námskeiða sem efla grunnfærni og almenna starfshæfni á vinnumarkaði, s.s. varðandi stjórnun, tungumál, eflingu sjálfstrausts, tölvufærni og sérhæft stjórnunarnám. Námið er þróað með það í huga að koma til móts við síauknar kröfur sem gerðar eru til starfsmanna á ólíkum sviðum en í dag teljast margir þættir sem áður voru álitnir sérhæfð þekking til almennrar færni. Töluverð aukning var í framboði á fjarkenndu námi sem var vel tekið.

Að tjá sig án kvíða

Hér er farið yfir hvaða þætti þarf að hafa í huga þegar talað er fyrir framan hóp af fólki, hvernig bæta megi framsögn og ná betur til áheyrenda. Námskeiðið var í boði á vorönn og var vel sótt.

Árangursrik framsögn og tjáning

Hér er fjallað um tækni til ná frekari árangri í því að halda fyrirlestra og tala fyrir framan fólk. Í gegnum markvissar æfingar öðlast þátttakendur meira öryggi í framkomu og geta byggt upp persónulegan frásagnarstíl. Námskeiðið var í boði tvisvar á haustönn og var ágætlega sótt.

Árangursrik kennsla

Starfsmennt býður kennurum sínum og leiðbeinendum að sækja námskeið þar sem farið er yfir nýjungar og aðferðir í kennslu fyrir fullorðna. Námskeiðið var kennt í Reykjavík og fjarkennt til Ísafjarðar á vorönn og var vel sótt.

Danska – æfing í talmáli á léttum nótum

Boðið var upp á dönskunám í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og Námsflokka Hafnarfjarðar, báðar annirnar. Nokkuð jöfn ásókn hefur verið í námið undanfarin ár.

Enska fyrir atvinnulífið

Starfsmennt bauð 20-30 stunda starfstengd enskunámskeið í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar þar sem skipt var í hópa eftir getu og áhugasviði. Kennt var staðbundið á fjórum stöðum. Nokkuð jöfn ásókn hefur verið í enskunámið undanfarin misseri og býður setrið einnig upp á sérsniðið enskunám þar sem áhersla er lögð á fagorðaförða stofnana. Þau námskeið eru haldin inni á vinnustöðum og starfsfólk þjálfað í hugtökum og orðaförða starfsvettvangsins.

Fjarkennt tölvunám

Starfsmennt býður upp á tíu fjarkennd tölvunámskeið að hausti og vori í samstarfi við Nemandi.is. Námskeiðin eru: Grunnnámskeið, Outlook, PowerPoint, Myndvinnsla, Publisher, Word, Excel, Google og Hugarkort. Þátttaka var almennt góð. Einnig var boðið upp á ársaðgang að rafrænu fræðsluefni í samstarfi við Tölvunám.is.

Fjármál og rekstur

Á haustönn var boðið upp á nýja námsleið þar sem áhersla er á hagnýta þekkingu á sviði fjármála, reksturs og stýringu verkefna. Kynntar eru leiðir til að halda utan um kostnað og nýtingu fjármagns. Námið er haldið í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands og sátu 14 manns námskeiðið.

Ég og starfið

Ég og starfið, áður Framrás I, hefur verið í boði undanfarin ár. Námskeiðið er 36 stundir. Það var haldið á vorönn en féll niður á haustönn vegna dræmrar þátttöku.

Jákvæð sálfræði

Á haustönn var í fyrsta skipti boðið upp á námskeið í jákvæðri sálfræði í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands. Þátttakendur læra leiðir til að njóta augnabliksins og vera virkari, nýta eigin styrkleika, bæta samskipti og setja sér raunhæf markmið. Námskeiðið mæltist einstaklega vel fyrir og skráðu ríflega 30 þátttakendur sig til leiks.

Lífsbraut

Námsleiðin, sem er 60 kennslustundir, samanstendur af 11 námsþáttum. Gefið er fræðilegt yfirlit yfir valda málaflokka og þátttakendur hvattir til að taka þátt í umræðum til að skoða hvaða hugmyndir, lífsstefnur og verðmæti hafa verið ráðandi og áhrifavaldar í eigin lífi. Námið var í boði á haustönn, bæði í stað- og fjarnámi, en féll niður vegna dræmar þátttöku.

Mannauðsstjórnun hjá ríkinu

Þetta nám gefur þátttakendum yfirsýn yfir uppbyggingu mannauðs og hæfni innan ríkisstofnana. Áhersla er lögð á skipulagningu og stjórnun starfsmannamála og að gefa yfirsýn yfir fræðasviðið sem og hagnýt verkfæri. Námið var haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands á vorönn.

Mannauðsmál hjá ríkinu – stjórnunarréttur og starfsskyldur

Hér er fjallað um starfsmannarétt tjáningarfrelsi, þagnarskyldu, laun og lífeyrir, eins og hann snýr að starfsmönnum ríkisins og ríkinu sem vinnuveitanda. Námið var í boði á haustönn. Mikill áhugi var á því og það vel sótt af forstöðumönnum, mannauðsstjórum og öðrum millistjórnendum.

Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum

Þetta 60 stunda nám er ætlað samstarfsfólki stjórnenda sem þarf að búa yfir fjölbreyttri hæfni m.a. til að auðvelda framgang og yfirsýn verkefna. Námið sem er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands var bæði fjarkennt og kennt staðbundið á haustönninni og var þátttaka mjög góð.

Rekspölur I og II

Rekspalarnámskeiðin eru hvort um sig 60 stundir og á þeim er fjallað vítt og breitt um einstaklinginn, stöðu hans, stefnu og samfélagslega uppbyggingu. Rekspölur 2 var í boði á vorönn en felldur niður vegna dræmar þátttöku en Rekspölur 1 var kenndur bæði í stað- og fjarnámi á haustönn með uppfærðu netnámi.

Talsmaður breytinga

Þetta er 76 stunda nám þar sem áhersla er lögð á áhuga og ábyrgð starfsmanna á þróun vinnuumhverfis og hvernig innleiða megi breytingar og efla námsmenningu. Námskeiðið var í boði á haustönn, bæði í stað- og fjarnámi, en féll niður vegna dræmrar þátttöku.

Upplýsinga- og skjalastjórnun

Þetta námskeið er 10 stunda hnitmiðað nám þar sem farið er í megin hugmyndafræði skjalastjórnunar á opinberum gögnum. Fyrirhugað er að efla námið og tengja betur við rafræna skjölun, vistun og endurheimt. Námið er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og var þátttaka góð báðar annirnar. Fimm tóku þátt í fjarnámi.

Verkefnastjórnun – vinnulag sem virkar

Þetta er 24 stunda nám þar sem þátttakendum er kynnt aðferðafræði verkefnastjórnunar. Markmiðið er að virkja starfsfólk til að taka þátt í þróun þekkingar með því að læra hvernig útfæra má hugmyndir frá upphafi til enda og halda utan um alla þræði verksins. Námið er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og gekk bæði staðbundin kennsla og fjarnám afar vel á árinu.

Vönduð íslenska – tölvupóstur og stuttir textar

Í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands var boðið upp á stutt og hnitmiðað námskeið um texta-gerð og íslenskt mál. Námskeiðið var var haldið á haustönn og var vel sótt.

Þjónustustjórnun

Þjónustustjórnunarnámskeiðin eru tvö; *20 góð ráð í þjónustusímsvörum* og *8 lykjar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum*. Námskeiðin eru haldin í samstarfi við Gerum betur ehf. Þetta eru vefnámskeið þar sem þátttakendur horfa á stutt myndbönd og svara spurningum upp úr þeim og lesefni. Námskeiðin voru ágætlega sótt bæði að vori og hausti.

Ráðgjöf og þróunarverkefni

Starfsmennt hefur um langt árabil boðið upp á ráðgjafabjónustu til stofnana til að styðja við mannauð og menntun starfsfólks. Niðurstöður ráðgjafaverkefnanna hafa styrkt tengsl Starfsmenntar út á við og nýst í þróun nýrra námsleiða og þjónustutilboða. Þar sem mannauðsráðgjafi setursins hvarf til annarra starfa á árinu og ekki var ráðið í hans stað, stýrðu starfsmenn þessum verkefnum en fengu verktaka stundum til liðs við sig. Bein útgjöld vegna Ráðgjafa að láni verkefna jukust milli ára þar sem leitað var í auknu mæli eftir samstarfi við sérfræðinga. Helstu viðfangsefni mannauðsráðgjafarinnar eru vinnustaðagreiningar, greiningar á fræðsluþörfum, uppsetning stofnanaááms, hæfnigreiningar starfa, starfsþróunaráætlanir og aðstoð við gerð mannauðsstefnu. Þá hafa ráðgjafarnir einnig aðstoðað við innleiðingu starfsmannasamtala og komið að margskonar styttri fræðslu innan stofnana. Á árinu voru eftirtalin ráðgjafaverkefni unnin:

Neytendastofa

Neytendastofa óskaði eftir Ráðgjafa að láni frá Starfsmennt til að greina hæfnikröfur þriggja starfssviða hjá stofnuninni og gera drög að starfsþróunaráætlun. Verkefnið var unnið í samstarfi við Starfsþróunarsetur háskólamanna og sá mannauðsráðgjafi Starfsmenntar um vinnuna. Greind voru nokkur störf á stjórnsýslusviði, lögfræðisviði og mælitækisviði.

Héraðsdómstóll Reykjavíkur

Starfsmennt útvegaði héraðsdómstólnum ráðgjafa að láni til að móta viðverustefnu og innleiða viðverustjórnun á vormánuðum 2015. Vinnan fólst í greiningarvinnu, fræðslu til starfsmanna og stjórnenda og mótun viðverustefnu. Starfsmennt fékk Proactive til að halda utan um vinnuna og verkefnaskil.

Háskóli Íslands

Starfsmannasvið Háskóla Íslands óskaði eftir ráðgjöfum Starfsmenntar til að greina hæfnikröfur sex starfssviða og setja upp bæði sértæka og sameiginlega símenntunaráætlun sem síðar mætti útfæra betur í starfsmannasamtölum. Um var að ræða SFR félagsmenn í framlínustörfum, verkefnastjóra, starfsfólk í bókhaldi og rekstri, tölvubjónustu, umsjónarmenn fasteigna og önnur sérhæfð starfsheiti. Búinn var til grunnur af hæfnilýsingum sem vinna má með á ýmsan hátt, allt eftir því hvaða breytingar eru að verða á starfsumhverfi, vinnulagi, ábyrgð eða kröfum. SFR stéttarfélag hafði farið fram á grunnvinnu af þessu tagi til að auka skýrleika í símenntun sinna félagsmanna og tryggja jafnari aðgang að markvissri hæfniuppbyggingu.

SFR-stéttarfélag í almannabjónustu

SFR stéttarfélag óskaði eftir ráðgjafa frá Starfsmennt til að endurvinnna mannauðsstefnu sína og gera drög að starfsmannahandbók. Starfsmennt fékk ráðgjafa frá Attentus til að vinna þetta verkefni með félaginu.

Raunfærnimatsverkefni

Starfsmennt vann að tveimur raunfærnimatsverkefnum á árinu með styrk frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Bæði verkefni voru innan IPA - verkefnis Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Raunfærnimat rannsóknartækna var hluti af verkefninu „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“ og hófst vinna við það á árinu 2014 og lauk á vordögum 2015. Verkefnið fólst í greiningu hæfniviðmiða og undirbúningi og framkvæmd raunfærnimats fyrir rannsóknartækna á lyfja- og heilbrigðisviði. Verkefnið var unnið með Landspítala Háskólasjúkrahúsi og Actavis. Alls luku 23 einstaklingar raunfærnimati rannsóknartækna.

Þá fór Starfsmennt af stað með raunfærnimatsverkefni tanntækna í samstarfi við Félag tanntækna og Fjölbrautaskólann við Ármúla. Vinnan hófst 2014 og stóð yfir allt árið 2015 þar sem þátttakendur urðu

mun fleiri en ráð var fyrir gert. Þátttakendur í verkefninu urðu 28 en alls luku 19 þátttakendur raunfærnimatinu á árinu en það skorti fé til að þeir 9 sem eftir voru gætu lokið því. Aukafjárveiting fékkst frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins til að ljúka verkefninu á næsta ári.

Hæfnilíkan Starfsmenntar

Ráðgjafar Starfsmenntar hafa þróað hæfnilíkan til að auðvelda greiningarvinnu með stofnunum. Hæfnilíkanið er verkfæri sem notað er til að kortleggja og skilgreina hæfni starfa, þ.e. þá þekkingu, færni, kunnáttu og persónulega eiginleika sem starfsmenn þurfa að búa yfir til að gegna ákveðnum störfum á árangursríkan hátt. Hæfnilíkanið inniheldur fjölda hæfnipátta og skilgreiningar á þeim. Markmið Starfsmenntar er að þróa verkfæri sem er einfalt, sveigjanlegt og aðgengilegt stofnunum. Þessi vinna við að kortleggja og skilgreina hæfni starfa nýtist ekki eingöngu stofnunum sjálfum heldur einnig til að fá skýrari mynd af því hvaða hæfni er mikilvæg í störfum innan stjórnsýslunnar. Hæfnigreiningar nýtast einnig stofnunum með margvíslegum hætti og sem grunnur að öðrum mannaauðstengdum verkefnum, s.s. við gerð starfsþróunaráætlana stofnana og einstakra starfsmanna, við ráðningar og frammistöðumat.

Jafnlaunastaðall

Starfsmennt hefur undanfarið tekið þátt í tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals og hélt nokkur námskeið á árinu. Verkefninu er stýrt af aðgerðahópi stjórnvalda, velferðaráðuneyti og hagsmunaaðilum á vinnumarkaði. Markmið jafnlaunastaðalsins er að auka gagnsæi og gæði í launaákvörðunum og auðvelda atvinnurekendum að koma á og viðhalda launajafnrétti kynja á vinnustað. Auk þess að halda utan um námskeiðin tók Starfsmennt þátt í þróun námsgagna í samstarfi við sérfræðinga og kennara og þróaði sérsniðna ráðgjöf til stofnana sem vinna að innleiðingunni. Einnig gerði ráðgjafi Starfsmenntar drög að kröfugerð fyrir vef verkefnisins, sem mun verða hýstur hjá velferðaráðuneytinu.

Íslenskur hæfniramma menntunar og starfa

Framundan eru skipulagsbreytingar á framsetningu óformlegs náms þar sem námskeiðum er raðað á þrep innan íslensks hæfniramma og námshugtök eru skilgreind á samræmdan hátt. Markmiðið með þessari samhæfingu er að auka skýrleika í framsetningu náms og auðvelda samanburð og gagnsæi. Íslenskur hæfniramma menntunar hefur verið gefinn út fyrir formlega skólakerfið en unnið hefur verið að því að endurskilgreina stigvaxandi hæfni innan rammans á þann hátt að námslok og hæfnikröfur nýtist starfsfólki og atvinnulífi. Námslok og þrepalýsingar þykja enn of bóknámsmiðaðar og hefur Starfsmennt tekið þátt í því síðastliðin ár að endurskrifa og hanna þrepalýsingar fyrir framhalds- og fullorðinsfræðslu þannig að auðveldara sé að ákveða starfsþróun út frá rammanum og efla um leið raunfærnimatsvinnu. Þar sem stefnt er að einum ramma og einu menntakerfi er gert ráð fyrir að setja megi alla menntun þar inn, bæði formlega og óformlega, sem og þær hæfnikröfur sem gerðar eru til starfa. Starfsmennt hefur tekið virkan þátt í umræðum og vinnuhópum fjölmargra aðila sem koma að námi með það fyrir augum að íslenski hæfniramminn henti óformlegu námi og stofnanaskólum.

Vaktavinna og lýðheilsa

Framkvæmdastjóri Starfsmenntar vann með vinnuhópi sem settur var saman í kjölfar kjarasamninga félaga í BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Um var að ræða bókunarvinnu þar sem fjölmörgum hagsmunaaðilum var boðið að taka þátt. Vinnuhópnum var stýrt af fulltrúa BSRB og auk hans tóku þátt í vinnunni fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Starfsgreinasambandinu, Landspítala, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stofnaðir voru þrjár rýnihópar sem Starfsmennt vann með og í kjölfar viðamikillar greiningarvinnu var sett saman 30 klukkustunda heildstætt nám. Markmið námsins er að miðla nýrri þekkingu á vaktstörfum og vaktskráum út frá rannsóknum á heilsu, einstaklingsmun, lífshlutverkum, vinnuumhverfi, félagslegri stöðu og þekkingu á kjarasamningsbundnum réttindum. Einnig verður veitt þjálfun í skráningu og notkun vaktkerfa og fjallað um forvarnir sem styðja við persónulega uppbyggingu og lýðheilsufræðileg markmið. Námsleiðin var þróuð á árinu en ekki náðist næg þátttaka í fyrsta rennsli um haustið.

Fríhafnarskólinn

Starfsmennt hefur unnið með starfsfólki Fríhafnarinnar að uppsetningu starfstengds náms sem haldið er hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Ný 30 klukkustunda námslota var þróuð á árinu í samstarfi við stjórnendur og starfsfólk.

Hafnarfjarðarbær

Hafnarfjarðarbær óskaði eftir Ráðgjafa að láni til að greina fræðsluþarfir fyrir fjóra starfshópa og setja fram símenntunaráætlun þeirra. Verkefnið náði til þeirra starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar sem tilheyra aðildarfélögum Starfsmenntar og var unnið í samstarfi við Mannauðssjóð Samflotsins. Markmið ráðgjafavinnunnar var að undirbúa aðgerðir til að efla fræðslustarf og starfsþróunarleiðir innan Hafnarfjarðarbæjar og afurð vinnunnar var fræðsluáætlun og hæfnigreining starfsmanna í framlínu, á bókasöfnum, á heimilum, íbúðakjörnum og innan grunnskólanna.

Þjóðskjalasafn

Ráðgjafa að láni verkefni var undirbúið með stjórnendum Þjóðskjalasafns og fólst það í endurbótum á mannauðsstefnu og gerð starfsmannahandbókar.

Nýr námsvefur Starfsmenntar


Nýr námsvefur Starfsmenntar var tekinn í notkun í mars en um er að ræða bæði uppfærðan ytri vef og framsækinn og sérhannaðan innri vef fyrir starfsmenn, samstarfsaðila og þátttakendur í námi. Vefurinn hefur hingað til nýst mjög vel og strax í byrjun mátti merkja fækkun símtala og aukna sjálfsafgreiðslu nemenda og fræðsluáðila. Þessi nýi vefur byggir á eldri vef en hefur mun fleiri möguleika til að halda utan um nám og auka samskipti og upplýsingamiðlun. Byrjað var að kynna vefinn og möguleika hans fyrir stofnunum og samstarfsaðilar hafa nú aðgang að margskonar yfirliti, námskeiðum og gögnum rafrænt. Þá er einnig auðveldara en áður að auka fjölbreytni í framkvæmd og umsýslu náms s.s. með sveigjanlegum kennsluháttum, aukinni fjarkennslu, gagnvirkum samskiptum, rekjanleika gagna og margskonar upplýsingamiðlun.

Náms- og starfsráðgjöf


Náms- og starfsráðgjöf stóð félagsmönnum stéttarfélaga innan heildarsamtaka BSRB til boða og var fjöldi viðtala á árinu töluvert meiri en árið á undan eða 227 viðtöl. Árið á 2014 voru viðtölin 189. Árið 2013 voru viðtölin 185 og árið þar á undan 294. Viðtölin og námsráðgjafabjónustan er styrkt með framlagi frá Fræðslusjóði í gegnum Fræðslumiðstöð atvinnulífsins en áberandi er að meirihluti ráðþega Starfsmenntar hefur meiri menntun að baki en skilgreindur markhópur framhaldsfræðslunnar. Konur eru 85 % ráðþega. Um 32% eru undir fertugu og 68% eldri en 40 ára. Félagsmenn SFR eru 61% ráðþega. 49% ráðþega eru atvinnuleitendur en 50% ráðþegar eru í starfi.

Algengustu ástæður komu í ráðgjöfina voru: áhugasviðspróf, gerð ferilskrár, gerð fyrirspurna- og kynnisbréfa vegna atvinnuleitar. Svipaður fjöldi og árið áður sótti viðtöl vegna sjálfsstyrkingar og stuðnings við ákvarðanir um nám, bæði formlegt og óformlegt. Upplýsingagjöf er alltaf nokkur. Þeir sem leituðu í ráðgjöfina á eigin vegum voru í miklum meirihluta árið 2015 eða 87%. Þá var meira um endurkomuviðtöl en árin á undan m.a. vegna þess að ráðþegar þurftu meiri stuðning til að komast í nám, klára námskeið eða komast inn á vinnumarkað. Á næstu blaðsíðu má sjá tölulegar upplýsingar um náms- og starfsráðgjafabjónustuna en tveir starfsmenn Starfsmenntar sinna þessari þjónustu.


Kyn




Aldur




Staða




Ástæða komu




Stéttarfélag



Menntun



Niðurstaða viðtala



Hlutfall svarenda
Sami einstaklingur kemur oftast fram en einu sinni...

Lokaorð

Starfsárið 2015 var ár breytinga hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt en um leið var lagður góður grunnur að nýrri þjónustu, bættum gæðum og auknum samskiptum. Ein stærsta breyting ársins var að setrið flutti í nýtt húsnæði að Skipholti 50b, en leigusamningur sem gerður hafði verið til fimm ára í Ofanleiti 2, rann út á árinu. Starfsmennt stækkað við sig og leigir nú 212 fm skrifstofuhúsnæði og helming af tæplega 50 fm kennslustofu. Aðstaða til fundahalds og kennslu er því mjög góð og Starfsmennt hefur nú betri möguleika en áður að halda fámennari námskeið hjá sér og þróa margskonar fjarkennsluleiðir. Húsnæðið var endurhannað og lagfært til að mæta þörfum vaxandi starfsemi. Opnun nýrrar heimasíðu og uppsetning nýs vefkerfis sem heldur vel utan um allt nám styrkir einnig grunnþjónustu setursins. Í því þróunarverkefni var horft til nýjunga í framsetningu náms m.a. fjarnáms og allt utanumhald gert aðgengilegt og skilvirkt um leið og fjölbreyttar samskiptaleiðir voru þróaðar. Ef vel tekst til með kynningar á möguleikum námskerfisins og þróun nýrra kennslu- og samskiptháttá þá á setrið að geta náð til fleiri þátttakenda með þjónustu sinni og styrkt stofnananám í sessi.

Stofnananám hélt áfram að dala á árinu en almenn opin námskeið juku sinn hlut. Um leið minnkaði þátttaka SFR félagsmanna milli ára og hlutur háskólamenntaðra jókst. Setrið þarf því að leita leiða til að ná aftur til SFR félagsmanna og stofnana með aðgengilegu og eftirsóknarverðu starfstengdu námi. Mannauðsþjónusta setursins var í hefðbundnum farvegi og fjöldi verkefna svipaður á milli ári. Meira var þó um aðkeypta sérfræðiráðgjöf sem stýrt var af Starfsmennt til að tryggja hagnýta yfirfærslu verkefna og byggja upp tengsl við stjórnendur. Verkföll höfðu áhrif á afdrif ýmissa námsleiða en um leið gafst tími til margskonar þróunarvinnu eins og gerð Vaktavinnu og lýðheilsu náms, stuðning við Jafnlaunavinnu og uppsetningu nýs náms fyrir markhópin. Setrið stendur enn frammi fyrir því að reyna að ná betur til stjórnenda með persónulegra kynningarstarfi, markvissum vinnustaðarheimsóknum og samþættingu verkefna við fræðslu, ráðgjöf og skráningu þekkingarbókhalds. Framundan er endurskoðun á stefnu og þjónustu en til þess að þær breytingar takist sem best þarf að rýna til gagns, líta út á við og læra af öðrum.

Nýr námsvefur Starfsmenntar felur í sér marga vaxtarsprotu sem auka skýrleika í framsetningu náms og utanumhaldi þekkingar. Vefurinn hentar starfsfólki, stjórnendum, sérfræðingum og fræðsluaðilum og hefur alla burði til að efla námsmenningu samhliða annarri styrkja- og stoðþjónustu. Til þess að starfsmenn geti sinnt störfum sínum sem best og tekist á við breytingar, auknar kröfur og tileinkað sér nýjungar þarf aðgangur að heildstæðu, sveigjanlegu námi sem mætir þörfum starfsfólks og stjórnenda að vera fyrir hendi. Og til þess að efla skýrleika í utanumhaldi mannauðs hjá ríkinu þarf skýra stefnu og umboð til athafna. Starfsmennt byggir á langri reynslu af faglegri nálgun í námi og ráðgjöf og getur því áfram verið leiðandi og framsækið afl sem styður við menntun, breytingar og þróun starfa hjá stofnunum.


Skráningar á námskeið 2015

Skráningar á námskeið 2015				
Fj.	Námskeið	Dagsetning	Skráning	klst.
1	20 góð ráð í þjónustusímsvörun	20.1.2015	16	10
2	20 góð ráð í þjónustusímsvörun	23.2.2015	11	10
3	20 góð ráð í þjónustusímsvörun - Vefnámskeið	30.9.2015	2	10
4	20 góð ráð í þjónustusímsvörun - Vefnámskeið	28.10.2015	4	10
5	40 góð ráð í þjónustu	20.1.2015	0	10
6	40 góð ráð í þjónustu	23.2.2015	0	10
7	8 lykklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum - Vefnámskeið	30.9.2015	3	10
8	8 lykklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum - Vefnámskeið	28.10.2015	1	10
9	Að tjá sig án kvíða	16.2.2015	13	10
10	Almennt tölvunám - grunnur	3.2.2015	23	60
11	Almennt tölvunám, grunnur - Vefnámskeið	22.9.2015	30	60
12	Áfangar - Samningatækni - Reykjavík og Kvíabryggja	27.10.2015	14	2
13	Áfangar - Samningatækni - Reykjavík og Kvíabryggja	28.10.2015	9	2
14	Áfangar - Samningatækni - Sogn og Akureyri	3.11.2015	16	2
15	Áfangar - Samningatækni - Sogn og Akureyri	4.11.2015	19	2
16	Árangursrík framsögn og tjáning	22.9.2015	8	6
17	Árangursrík framsögn og tjáning	16.11.2015	9	6
18	Árangursrík kennsla	4.3.2015	15	12
19	Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum	16.2.2015	0	12
20	Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum	14.9.2015	4	12
21	Danska fyrir byrjendur	4.2.2015	4	16
22	Danska fyrir byrjendur	6.10.2015	3	16
23	Enska - Framhaldsnámskeið - Akureyri	9.11.2015	1	16
24	Enska - Talnámskeið fyrir karla - Akureyri	17.9.2015	0	16
25	Enska - Talnámskeið fyrir konur - Akureyri	17.9.2015	0	16
26	Enska fyrir atvinnulífið - Hafnarfjörður	28.9.2015	9	14
27	Enska I - Akureyri	12.2.2015	1	16
28	Enska I - Borgarnes	16.9.2015	1	20
29	Enska I - Hafnarfjörður	26.1.2015	6	14
30	Enska II - Akureyri	11.2.2015	3	16
31	Enska II - Akureyri	7.4.2015	0	16
32	Enska II - Höfn	6.10.2015	1	20
33	Enska II - Selfoss	14.9.2015	0	24
34	Excel - framhald	24.2.2015	24	18
35	Excel, framhald - Vefnámskeið	13.10.2015	15	18
36	Ég og starfið - Framrás	24.2.2015	12	24
37	Ég og starfið - Einnig fjarkennt	21.10.2015	2	24
38	Félagliðabré - haust		40	
39	Félagliðabré - vor		43	
40	Fjármál og rekstur - Einnig fjarkennt	25.9.2015	14	60
41	Fjár sjóður Google og vefgerð	24.3.2015	7	18

42	Fjársjóður Google og vefgerð - Vefnámskeið	10.11.2015	12	18
43	Forystufræðsla - Að koma fram í fjölmiðlum - Reykjavík	13.3.2015	1	6
44	Forystufræðsla - Jafnlaunastaðall og jafnrétti	27.11.2015	2	3
45	Forystufræðsla - Mótun og miðlun upplýsinga - Reykjavík	20.4.2015	16	6
46	Forystufræðsla - Siðferði á vinnustöðum	23.10.2015	4	6
47	Forystufræðsla - Símenntun og virk starfsþróun	29.9.2015	1	6
48	Forystufræðsla - Starfsþrek og heilsuefling	8.5.2015	16	6
49	Góð ráð í tölvupóstsamskiptum	20.1.2015	6	10
50	Góð ráð í tölvupóstsamskiptum	23.2.2015	2	10
51	Heilbrigðisritarabréu haust		4	
52	Hugarkort - Mind Mapping	16.4.2015	16	18
53	Hugarkort - Mind Mapping - Vefnámskeið	24.11.2015	6	18
54	Fríhafnarskólinn - Heilsuefling	13.11.2015	13	7
55	Jafnlaunastaðall - Gæðastjórnun og skjölun	13.5.2015	23	3
56	Jafnlaunastaðall - Gæðastjórnun og skjölun	7.10.2015	12	3
57	Jafnlaunastaðall - Kynning á jafnlaunastaðli og inngangur	22.4.2015	27	3
58	Jafnlaunastaðall - Kynning á jafnlaunastaðli og inngangur	16.9.2015	12	3
59	Jafnlaunastaðall - Launagreining	6.5.2015	27	3
60	Jafnlaunastaðall - Launagreining	30.9.2015	20	3
61	Jafnlaunastaðall - Starfaflokkun	29.4.2015	28	3
62	Jafnlaunastaðall - Starfaflokkun	23.9.2015	15	3
63	Jákvæð sálfræði og styrkleikabjálfun	2.11.2015	33	10
64	Kópavogsbær - Starfsmannasamtöl	13.1.2015	65	3
65	Landsbókasafn - Að takast á við breytingar	25.9.2015	32	3
66	Landsbókasafn - Að takast á við breytingar	28.9.2015	28	3
67	Landsbókasafn - Ákvarðanatataka og lausnamiðuð nálgun	12.3.2015	27	3
68	Landsbókasafn - Sjálfsefling og starfsánægja	19.2.2015	59	3
69	Landsbókasafn - Sterk liðsheild og jákvæður starfsandi	17.2.2015	53	3
70	Landsbókasafn - Verkefna- og tímastjórnun	24.3.2015	19	3
71	Lífsbraut - Einnig fjarkennt	2.11.2015	4	40
72	LÍN - Vellíðan í vinnunni	30.1.2015	15	3
73	Lyfjastofnun - Stjórnsýsluréttur	22.10.2015	14	4,5
74	Lyfjastofnun - Stjórnsýsluréttur	27.10.2015	13	4,5
75	Lyfjastofnun - Stjórnsýsluréttur	29.10.2015	15	4,5
76	Mannauðsmál hjá ríkinu - Stjórnunarréttur og starfsskyldur	18.11.2015	17	4
77	Mannauðsstjórnun hjá ríkinu	9.4.2015	40	4
78	Myndvinnsla og myndavélar	24.3.2015	12	18
79	Myndvinnsla og myndavélar	6.7.2015	0	18
80	Myndvinnsla og myndavélar - Vefnámskeið	6.11.2015	21	18
81	Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum	23.2.2015	17	60
82	Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum	26.10.2015	41	60
83	Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - Fjarnám - Akureyri	23.2.2015	0	60
84	Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - Fjarnám - Ísafjörður	23.2.2015	0	60
85	Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - Fjarnám - Selfoss	23.2.2015	0	60
86	Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum-Fjarnám Egilsstaðir	23.2.2015	0	60

87	Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur- Egilss.	9.4.2015	0	32
88	Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu	9.4.2015	0	32
89	Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur- Ísafj.	9.4.2015	0	32
90	Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur- Selfoss	9.4.2015	0	32
91	Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur-Ak.	9.4.2015	0	32
92	Outlook - Verkefna- og tímastjórnun	3.2.2015	25	18
93	Outlook / Verkefna- og tímastjórnun - Vefnámskeið	22.9.2015	24	18
94	PowerPoint - Margmiðlun og kynningar	24.2.2015	3	18
95	PowerPoint / Margmiðlun og kynningar - Vefnámskeið	13.10.2015	13	18
96	Rekspölur 1	13.11.2015	18	45
97	Rekspölur 2	10.4.2015	9	45
98	RSK - Góð ráð í tölvupóstsamskiptum	20.4.2015	47	10
99	Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) - 1. önn	29.8.2015	4	
100	Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) - 2. önn	29.8.2015	2	
101	Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) - 3. önn	29.8.2015	2	
102	Skrifstofubraut I Staðbundið nám -1. önn	24.8.2015	1	
103	Sóttthreinsitæknabré - haust		16	
104	Sóttthreinsitæknabré - vor		18	
105	SSH - Vellíðan á vinnustað	29.10.2015	45	3
106	SSH samstarf - Samskipti og framkoma	27.3.2015	30	3
107	Starfsmannaréttur	26.5.2015	4	4
108	Starfsmannaréttur	26.5.2015	13	4
109	Starfsmannasamtöl	13.2.2015	11	4
110	Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám - Einnig fjark.	12.10.2015	16	63
111	Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám	12.1.2015	22	122
112	Stjórnunarréttur og starfsskyldur	27.5.2015	12	8
113	Talsmaður breytinga - Einnig fjarkennt	30.10.2015	2	57
114	Tollstjóri - Árangursrík samskipti	6.10.2015	13	10
115	Tollstjóri - Árangursrík samskipti	6.10.2015	19	10
116	Tollstjóri - Árangursrík samskipti	27.10.2015	11	10
117	Tollstjóri - Inngangur að lögfræði	24.2.2015	10	2
118	Tollstjóri - Inngangur að lögfræði	26.2.2015	8	2
119	Tollstjóri - Meðferð persónuupplýsinga og upplýsingalög	15.9.2015	10	6
120	Tollstjóri - Meðferð persónuupplýsinga og upplýsingalög	24.9.2015	16	6
121	Tollstjóri - Samskipti og þjónusta við viðskiptavini	11.5.2015	14	10
122	Tollstjóri - Samskipti og þjónusta við viðskiptavini	11.5.2015	20	10
123	Tollstjóri - Samskipti og þjónusta við viðskiptavini	27.5.2015	18	10
124	Tollstjóri - Stjórnsýsluréttur	3.3.2015	14	12
125	Tollstjóri - Stjórnsýsluréttur	24.3.2015	14	12
126	Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum	1.3.2015	1	
127	Tölvur - Hugarkort	7.4.2015	12	18
128	Upplýsinga- og skjalastjórn	19.2.2015	32	6
129	Upplýsinga- og skjalastjórn	23.11.2015	24	6
130	Upplýsingamiðlun - Publisher	24.3.2015	4	18
131	Upplýsingamiðlun / Publisher - Vefnámskeið	10.11.2015	7	18

132	Verkefnastjórnun, vinnulag sem virkar	7.10.2015	33	24
133	Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar	10.2.2015	37	24
134	Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar	16.2.2015	26	24
135	Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Akureyri	10.2.2015	0	24
136	Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Egilsstaðir	10.2.2015	0	24
137	Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Ísafjörður	10.2.2015	0	24
138	Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Selfoss	10.2.2015	0	24
139	Viðurkenndur bókari - Endurmenntun Háskóla Íslands	14.8.2015	4	
140	Viðurkenndur bókari - Menntaskólinn í Kópavogi	24.8.2015	6	
141	Viðurkenndur bókari - Opni háskólinn í HR	6.8.2015	7	
142	Vísdomur - Outlook og starfstengd enska	17.4.2015	20	6
143	Vísdomur - Réttindi og skyldur og Tímastjórnun	9.1.2015	7	6
144	Vönduð íslenska - tölvupóstur og stuttir textar	13.10.2015	15	3
145	Vönduð íslenska - tölvupóstur og stuttir textar	17.11.2015	4	3
146	Word - framhald	16.4.2015	6	18
147	Word, framhald - Vefnámskeið	24.11.2015	7	18
148	Þjóðarbókhlaða - Ákvarðanatataka og lausnamiðuð nálgun	12.3.2015	15	3
149	Þróttur Akureyri - Ábyrgð og sérstaða starfsins	19.5.2015	7	4
150	Þróttur Akureyri - Ábyrgð og sérstaða starfsins	27.5.2015	0	4
151	Þróttur Akureyri - Ábyrgð og sérstaða starfsins	26.10.2015	15	4
152	Þróttur Akureyri - Ábyrgð og sérstaða starfsins	27.10.2015	17	4
153	Þróttur Akureyri - Frístundir og afþreying	20.5.2015	17	4
154	Þróttur Akureyri - Frístundir og afþreying	28.5.2015	13	4
	Samtals		2011	2306,5



símenntun ber ávöxt